

## 5. fundur stjórnar AP, starfsárið 2009-2010

haldinn að Garðarsbraut 5 á Húsavík 14. desember 2009 kl.14:00

Mætt: Aðalsteinn Á. Baldursson, Birna Björnsdóttir, Margrét Bjarnadóttir, Pétur Snæbjörnsson, Sigurgeir Höskuldsson og Guðmundur Guðmundsson áheyrnarfulltrúi Byggðastofnunar. Einnig sat fundinn Reinhard Reynisson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

### 1. Rekstraráætlun 2010

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir rekstraráætlun næsta árs ásamt áætluðu sjóðstreymi og efnahagsreikningi í ársbyrjun og árslok. Óvissa ríkir um ákveðna þætti tekjuáætlunar sem háðir eru afgreiðslu fjárlaga og þá liggur afgreiðsla sveitarfélaganna á grunnframlögum til félagsins fyrir næsta ár ekki fyrir. Fyrir liggur að framlög Byggðastofnunar verða skert um 10% frá fjárlögum yfirstandandi árs og verulega hefur þrengt að varðandi verkefnafjármögnun. Til að mæta óvissu og erfiðum efnahag félagsins er því gert ráð fyrir samdrætti í rekstri og nokkrum tekjuafgangi.

Stjórnin samþykkir áætlunina miðað við fyrirbyggjandi forsendur.

Til að koma til móts við erfiða stöðu félagsins býðst framkvæmdastjóri til að taka á sig tímabundna launalækkun og falla frá föstum ökutækjastyrk árið 2010. Stjórn lýsir ánægju sinni með tilboð framkvæmdastjóra og felur formanni að ganga frá samningi við framkvæmdastjóra um málið.

### 2. Ráðstöfun hluta fjármuna fyrrum Kísilgúrsjóðs

Samþykkt að verja hluta peningalegra eigna fyrrum Kísilgúrsjóðs til jöfnunar á uppsöfnuðum halla vegna Snow Magic verkefnisins miðað við stöðu þess í árslok 2008 en til þess tíma var verkefnið rekið á fjárhagslega ábyrgð félagsins. Um er að ræða kr. 6.257.238,- umfram tekjur sem teknar voru af eigin fé félagsins sem hefur valdið því talsverðum erfiðleikum.

### 3. Vaxtarsamningur –

Samþykkt þátttaka í tveimur verkefnum sem frestað var að taka afstöðu til við afgreiðslu umsókna á sínum tíma:

Þingeyskt og þjóðlegt kr. 1.500.000

Umhverfisskólinn Maður og jörð kr. 1.000.000

### 4. Önnur mál

- a) Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir stöðu mála varðandi bókaútgáfu þá sem kynnt var á síðasta stjórnarfundum og hann fékk fyrst vitneskju um með tölvupósti 22. júlí sl. Lagði framkvæmdastjóri fram þýðingu löggilts skjalapýðanda á samningi um útgáfuna ásamt greinargerð lögfræðings um réttarstöðu félagsins í málinu. Ljóst er að fyrrverandi starfsmaður félagsins hafði ekki umboð til að gera umræddan samning. Þá liggur einnig fyrir að þrátt fyrir milligöngu um greiðslur á hluta kaupverðs bókanna hefur félagið ekki samþykkt hinn umboðslausu gerning. Greiðslur voru milligengnar í þeirri trú að fyrirtæki það sem umræddur fyrrverandi starfsmaður var framkvæmdastjóri fyrir í sumar ætlaði að taka yfir umræddan samning. Frá því að

framkvæmdastjóri fékk vitneskju um tilvist málsins hefur því verið unnið að því að leysa það farsælega fyrir alla málsaðila án þess þó að félagið taki yfir hinn umboðslausa gerning.

Stjórnin krefst þess að nú þegar gangi umræddur fyrirverandi starfsmaður frá samningi við félagið sem leysi það undan hugsanlegum skaða af málinu, umfram það sem þegar er orðið, þar sem það verði m.a. tryggt að greiðslur þær sem fram fóru síðastliðið sumar gangi til baka. Að öðrum kosti verði hafinn undirbúningur að því að leita réttar félagsins í máli þessu fyrir dómstólum.

- b) Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir starfi verkefnisstjórnar um orkufrekan iðnað á svæðinu, sem skipað var skv. samningi ríkisvaldsins Norðurþings, Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar.
- c) Stefnt að næsta stjórnarfundi föstudaginn 22. janúar 2010 kl. 13:00.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:50